



„Ég kem ekki aftur“

Rannsókn meðal brottfluttra kvenna af Austurlandi

Tinna Halldórsdóttir og Erna Rakel Baldvinsdóttir
Apríl 2023

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Búferlaflutningar og nútímalifnaðarhættir	3
Orsakir búferlaflutninga	4
Mannfjölda- og byggðapróun á Austurlandi	6
Stefna stjórnvalda	8
Verkefnið Brothættar byggðir	9
Ný nálgun varðandi búferlaflutninga ungs fólks	9
Aðferð og framkvæmd	10
Niðurstöður	11
Frekari greining og samanburður	16
Samantekt	24
Heimildir	25
Viðauki 1 – Spurningalisti	27

Mynda- og töfluskrá

Mynd 1. Búferlaflutningar frá 2011 til 2021.	3
Mynd 2. Íbúafjöldi á Austurlandi frá 1998-2022.	6
Mynd 3. Aldursdreifing þátttakenda eftir svæðum.	11
Mynd 4. Menntun þátttakenda eftir svæðum.	12
Mynd 5. Atvinnustaða þátttakenda eftir svæðum.	12
Mynd 6. Tengsl þátttakenda við staðinn sem flutt var frá, eftir svæðum.	13
Mynd 7. Styrkur tengsla við staðinn sem flutt var frá, eftir svæðum.	13
Mynd 8. Mat á atvinnutækifærum eftir svæðum.	14
Mynd 9. Mat á þjónustu við barnafjölskyldur, afþreyingu og menningu, eftir svæðum.	15
Mynd 10. Mat á almenningsamgöngum, verslun og þjónustu og húsnæðismálum.	15
Mynd 11. Hverjar eru líkurnar á því að snúa aftur til Austurlands?	16
Mynd 12. Aldur og líkur á að snúa aftur og styrkur tengsla við staðinn sem flutt var frá (2021).	17
Mynd 13. Aldur og líkur á að snúa aftur og styrkur tengsla – samanburður á árunum 2016 og 2021.	17
Mynd 14. Menntunarstig og líkur á að snúa aftur og tengsl við staðinn (2021).	18
Mynd 15. Menntunarstig, líkur og tengsl við staðinn – samanburður á árunum 2016 og 2021.	19
Mynd 16. Línuleg fylgni.	19
Mynd 17. Líkur og tengsl eftir barnafjölda – samanburður á milli ára.	20
Mynd 18. Líkurnar á að snúa aftur eftir tengslum við staðinn sem flutt var frá (2021).	21
Mynd 19. Líkur og styrkur tengsla eftir tengslum við staðinn sem flutt var frá – samanburður.	21
Mynd 20. Ástæður brottflutnings, líkur og tengsl – samanburður milli ára.	22
Mynd 21. Mat á atvinnutækifærum, líkur og tengsl.	23
Mynd 22. Styrkur tengsla og líkur á að snúa til baka greint niður á staði.	23
Tafla 1. Hvaðan flutt?	11
Tafla 2. Ástæður brottflutnings.	14

Inngangur

Í flestum jaðarbyggðum eru konur færri en karlar og þá oft í yngri aldurshópum, milli 20-40 ára. Sú staða einkennir flest svæði á Austurlandi og er sums staðar kynjahlutfallið mjög skakkt, sérstaklega í smæstu kjörnunum. Alls eru 11 þéttbýlisstaðir á Austurlandi á svæðinu frá Djúpvogum til Vopnafjarðar. Í þeim bjuggu 1. janúar 2022, alls 11.031 einstaklingur, 5.836 karlar og 5.195 konur sem þýðir að 53% íbúa Austurlands voru karlar (Hagstofa Íslands, e.d). Karlar eru fleiri en konur í öllum aldurshópum á Austurlandi fyrir utan aldurshópinn 80-89 ára. Algengt er að ungt fólk flytji burtu til að mennta sig og kanna nýjar slóðir. Hins vegar virðist vera svo að karlar snúi frekar til baka en konur. Til að samfélög þrífist þurfa að vera þar einstaklingar af báðum kynjum, ungt fólk og börn þannig að eðlileg endurnýjun verði í mannfjölda. Þegar fólk á barneignaraldri vantar í samfélögin, fækkar börnunum og oft fylgir því hnignun byggðar. Ungt fólk hefur síðustu áratugi leitað í stærri samfélög og frá hinum dreifðu byggðum. Á Austurlandi náði mannfjöldinn tæplega 11 þúsund manns árið 1990. Jöfn fækkun var allan tíunda áratuginn og var mannfjöldinn kominn niður í rúmlega 9000 manns árið 2003. Það ár var skrifað undir stóriðjuframkvæmdir á svæðinu og eftir það fjölgaði íbúum aftur og eru sem fyrr segir nú rúmlega 11 þúsund. Hins vegar hefur ekki hægst á þeirri þróun að ungar konur flytji brott varanlega í meira mæli en ungir karlar og ástæða er til að kanna stöðuna betur.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna ástæður brottflutnings kvenna af Austurlandi með það að markmiði að meta líkurnar á að þær snúi aftur. Auk þess var reynt að meta hvort tengsl við svæðið hefðu forspárgildi varðandi líkur á að snúa til baka. Spurt var um mat á ýmsum innviðum á þeim stöðum sem flutt var frá, atvinnutækifæri og svo líkurnar á því að flytja til baka. Bakgrunns- og persónubundnir þættir eins og aldur, menntun og tengsl við staðinn sem flutt var frá, voru notuð til frekari greiningar.

Rannsóknarspurningin var *Af hverju flytja ungar konur frá Austurlandi? Skipta tengsl við svæðið máli varðandi líkur á að snúa aftur?*


Helstu niðurstöður

- Línuleg fylgni var á milli þess hve miklar líkur voru á því að snúa aftur og hversu sterk tengsl konurnar höfðu við staðinn sem þær fluttu frá. Styrkur tengsla skýrði 16% af líkunum á því að snúa aftur.
- Sterk tengsl voru hjá brottfluttu konunum sem voru fæddar og uppaldar á staðnum sem þær fluttu frá. Þær sem höfðu flutt ungar á staðinn sem var flutt frá voru líklegastar til að snúa aftur til baka. Er þetta í samræmi við það sem kemur fram í öðrum rannsóknum og greiningum þar sem samspil margra þátta hefur áhrif á ástæður búferlaflutninga. Svosem samspil einstaklings við nærsamfélagið og tengsl hans við heimabyggð sína. Það getur því skipt máli að aðstoða aðflutt ung börn og ungt fólk að aðlagast sem fyrst samfélaginu þar sem það getur haft áhrif á að þau snúi aftur ef þau flytja á brott.
- Niðurstöður rannsóknarinnar sýndi að þær konur sem fluttu ungar á staðinn sem þær síðan fluttu burtu frá voru með sterkustu tengslin og mestu líkurnar á því að snúa aftur.
- Úr niðurstöðum könnunarinnar árið 2016 voru sterkustu tengslin hjá þeim sem áttu eitt barn og árið 2021 voru sterkustu tengslin hjá þeim sem áttu engin börn. Þær sem voru hins vegar líklegastar til að snúa aftur til baka voru þær sem áttu tvö eða fleiri börn en þær voru jafnframt með minnstu tengslin við staðinn.
- 48% brottfluttu kvennanna frá Fjarðabyggð og 40% frá Múlaþingi mátu þjónustu við barnafjölskyldur mikla.
- Menntunarstig kvennanna var almennt frekar hátt, flestar með háskólamenntun eða í framhaldsnámi á háskólastigi.
- Flestar konurnar fluttu burtu til þess að sækja nám, 53% frá Múlaþingi og 48% frá Fjarðabyggð.
- Þær sem fluttu vegna náms voru líklegastar til að snúa aftur og voru með sterkustu tengslin.
- Þær konur sem höfðu lokið grunnnámi á háskólastigi voru líklegastar til að snúa aftur og höfðu mestu tengslin við staðinn sem var flutt frá.
- Á Austurlandi fækkar konum hraðar en körlum, kynjahlutfallið virðist vera ójafnara eftir því sem byggðarkjarninn er minni. Mestur munur á fjölda kynja er í Borgarfjarðarhreppi, á Breiðdalsvík, Djúpavogi og fleiri smærri stöðum. Hlutfallslegur munur á fjölda karla og kvenna í þéttbýlum í meðalstærð miðað við landshluta er 2-4%.

Búferlaflutningar og nútímalífnaðarhættir

Megineinkenni þjóðfélagsbreytinga síðustu öld var ákveðin búseturöskun þar sem fólk fluttist úr sveit í borg, þessi búseturöskun hefur haldið áfram undanfarna áratugi þar sem fólk flyst frá litlum þéttbýlisstöðum í stærri. Þéttbýlismyndun, breyttir atvinnuhættir og tæknibyltingin hafa breytt búsetumynstrum og hugarfari fólks þannig að (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun, 2003; Stefán Ólafsson, 1997) hreyfanleiki fólks á Íslandi hefur aukist undanfarna áratugi og algengara að fólk yfirgefi áttthaga sína nú á tímum en áður. Samhliða þessari þróun hefur fækkun íbúa á landsbyggðinni verið töluverð og þá sérstaklega í smærri sveitarfélögum (Hagstofa Íslands, 2015). Innan svæða á landsbyggðinni hefur tilhneigingin verið sú að íbúum fjölgar á stærri þéttbýlisstöðum en fækkar á jaðarstöðum. Aukin búferlaflutningur af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis hefur vakið áhyggjur meðal stjórnvalda og þeirra byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun. Erfitt er að sporna við flutningum landsbyggðarfólks frá smærri byggðarkjörnum til þeirra stærri og aðgerðir stjórnvalda með settum byggða- aðgerðum virðast ekki geta haldið aftur af brottflutningi fólks af landsbyggðinni (Hagstofa Íslands, 2015; Alþingi, 2018). Niðurstöður sem fengust úr rannsókn Stefáns Ólafssonar (1997) á búseturöskun Íslendinga sýna að fólk sækist almennt eftir því að búa í stærri byggðarlögum en þeim sem þeir búa í fyrir. Eftir því sem byggðarlag þátttakenda var minna því meiri var áhuginn fyrir því að flytjast til stærra byggðarlags. Eftir landshlutum sýndu niðurstöður Stefáns að 43% Vestfirðinga, 42% Austfirðinga og 39% á Norðurlandi vestra sögðust vilja búa í stærra byggðarlagi en þeir bjuggu í þegar rannsóknin var framkvæmd (Stefán Ólafsson, 1997). Flutningsjöfnuður á Austurlandi fyrir árin 2011-2021 er jákvæður en 415 fleiri fluttu í landshlutann en úr honum. Flestir fluttu til Fjarðabyggðar eða 227, þar af 144 karlar og 83 konur. Í Múlaþingi fjölgaði um 153, þar af 113 karlar og 40 konur. Á Vopnafirði fjölgaði íbúum um fjóra, körlum fækkaði um tvo og konum fjölgaði um sex. Í Fljótsdal fjölgaði um 31, þar af 14 karlar og 17 konur. Samtals fjölgaði körlum á Austurlandi um 249 og konum um 146 (Hagstofa Íslands, e.d).

Aðfluttir umfram brottflutta 2011-2021



Mynd 1. Búferlaflutningar frá 2011 til 2021.

Orsakir búferlaflutninga


Margt hefur áhrif á hvar búseta er valin og settar hafa verið fram ýmsar kenningar um orsakir búferlaflutninga. Orsakir búferlaflutninga eru misjafnar og oft einstaklingsbundnar. Sumir telja að búferlaflutningar stjórnist af hugarfari eða gildismati þar sem fólk flyst búferlum vegna krafta sem annaðhvort ýta fólki af stað eða toga í það frá öðrum stöðum. Kostir og gallar upprunastaðar eða áfangastaðar eru metnir þegar búseta er valin (Lee, 1966). Aðrir telja ástæður búferlaflutninga ekki einungis byggja á kostum eða göllum ákveðinna svæða, heldur á flóknu samspili einstaklings við nærsamfélagið og tengsla hans við heimabyggð sína. Einnig samspili félagsgerðar, menningar og annarra þátta í nútímasamfélagi (Beck, 1992). Gunnar Myrdal setti fram fræga kenningu um miðsvæðið og jaðarinn (center-periphery theory) sem snýst um að búferlaflutningar skekki samkeppnisstöðu milli svæða. Að ákveðin stærri miðsvæði draga að sér fólk og með því eflist atvinnu- og viðskiptalíf. Um leið tapa jaðarsvæðin fólki, sérstaklega yngra fólki og/eða menntafólki, og þá minnkar framleiðni, hæfni og þjónusta (Myrdal, 1957). Atgervisflótti (e. brain drain) er hugtak sem notað hefur verið í þessu samhengi. Algengt er að fólk flytjist búferlum til að uppfylla kröfur sínar um lífsskilyrði sem eru að miklu leyti einstaklingsbundin. Ólík landsvæði hafa mismunandi eiginleika og tækifæri, því einstaklingar leitast við að búa þar sem lífsskilyrði þeirra eru uppfyllt. Sumir velja sveita- eða smábyggðarlíf á meðan stærri hluti kys að búa á stærri svæðum með meiri aðgangi að þjónustu og menningarlífi (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun, 2003) (Cromartie, Reichert, & Arthun, 2015). Stærri byggðir hafa betri forsendur til að bjóða upp á þjónustu og annað sem fólk í nútímasamfélagi virðist sækjast eftir auk þess sem fólksfjöldinn tryggir stærri markað, meiri fjölbreytni, nýsköpun og möguleika á atvinnu. Sýnt hefur verið fram á að menntun og mannaúður nýtist betur í stærri þéttbýlum. Skiptar skoðanir eru um hvað felst í góðum búsetuskilyrðum. Fámennið hefur sína kosti jafnt og miðsvæðin, í smærri byggðarlögum felast ákveðin lífsgæði sem birtast í auknu öryggi, minni mengun, lægri tryggingum, styttri vegalengdum og nálægð við náttúruna. Ennfremur telja margir minni staði fjölskylduvænni. Sumir kjósa að búa á smærri stöðum en hafa í raun ekki val og þurfa að flytjast til þeirra stærra til að sækja ákveðna þjónustu sem ekki er í boði í þeirra heimabyggð. Einnig skipta atvinnumöguleikar miklu máli en fleiri láglaunasvæði eru á landsbyggðinni þar sem meira er um frumframleiðslu og minna um sérhæfð störf sem fylgja hærri tekjur (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun, 2003). Tækifæri og aðgengi til náms hafa áhrif á búsetuval. Fjölgun nemenda á framhalds- og háskólastigi má tengja við búseturöskun því stór hluti ungmenna af landsbyggðinni þarf að flytja til að sækja nám og af námsframboði háskólanna er aðeins hluti í formi fjarnáms. Mest er framboð náms á höfuðborgarsvæðinu og flest tækifæri til langsskólanáms einnig. Námsval getur þannig ráðið búsetu (Hjalti Jóhannesson, 2008; Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun, 2003). Með aukinni menntun takmarkast oft búsetutækifæri og víða á landsbyggðinni er lítið um atvinnutækifæri fyrir langskólagengið fólk. Fjölbreytt atvinnutækifæri eru frekar til staðar í stærri byggðarkjörnunum og geta verið aðdráttarafl fyrir menntafólk (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun, 2003). Atvinnuleysi hefur verið lítið á Íslandi og eru atvinnutækifæri frekar ráðandi þáttur í

búsetuvali (Kjartan Ólafsson og Hekla Gunnarsdóttir, 2002). Munur er á búsetuskilyrðum og ánægju með samfélagið. Þeir einstaklingar sem eru ánægðir með líf sitt og hafa sterk tengsl við samfélagið eru ánægðari með samfélagið þrátt fyrir að þeir búi við það sem kallast óviðunandi búsetu skilyrði. Þættir sem skipta máli eru lengd búsetu á staðnum, þátttaka í því og fjöldi vina (Theodori, 2001). Í skýrslunni byggðafesta og búferlaflutningar (2021) voru íbúar á Egilsstöðum meðal þeirra sem voru í úrtakinu og voru langflestir þeirra ánægðir með búsetu sína þar, töldu búsetuskilyrði hafa batnað og sáu ekki fram á búferlaflutninga á næstu árum og 63% töldu litlar sem engar líkur á að flytja burtu fyrir fullt og allt. Þeir svarendur mátu náttúruna og umhverfið helsta kostinn við búsetu á staðnum.



Mannfjölda- og byggðaðróun á Austurlandi

Í skýrslu Tinnu Halldórsdóttir Sitthvað um Austurland (2014) koma fram upplýsingar um byggðaðróun og búsetu Austfirðinga. Árið 1991 þegar fjöldi Austfirðinga var í hámarki voru íbúar 10.738¹. Þeir voru komnir niður í rúmlega 9000 árið 2003 en fór að fjölga aftur í kjölfar stóriðjuframkvæmda. Frá lokum framkvæmda hefur íbúafjöldi Austurlands verið rúmlega 10 þúsund manns og er núverandi fjöldi íbúa um 11 þúsund árið 2022.



Mynd 2. Íbúafjöldi á Austurlandi frá 1998-2022.

Staðan virðist vera verst í minnstu bæjarfélögunum þegar kemur að brottflutningi. Fækkunin í ákveðnum bæjum er stöðug yfir 12 ára tímabil sem lofar ekki góðu fyrir uppbyggingu samfélaga á Austfirðum. Aftur á móti hefur Fljótshálsa haft jákvæðan flutningsjöfnuð sl. 13 ár sem og ákveðnir staðir innan Fjarðabyggðar en mismikið; Reyðarfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður og Neskaupstaður (Tinna Halldórsdóttir, 2014; Hagstofa Íslands, 2015). Á Austurlandi fækkar konum hraðar en körlum, kynjahlutfallið virðist vera ójafnara eftir því sem byggðarkjarninn er minni. Mestur munur á fjölda kynja er í Borgarfjarðarhreppi, á Breiðdalsvík, Djúfavogi og fleiri smærri stöðum. Hlutfallslegur munur á fjölda karla og kvenna í þéttbýlum í meðalstærð miðað við landshluta er 2-4%. Þetta sýnir að ákveðin kvannahalli einkennir landshlutann en er ekki einsdæmi á landsvísu enda er aðeins höfuðborgarsvæðið sem býr að karlahalla (Tinna Halldórsdóttir, 2014). Í Reykjavík eru 985 karlar á hverjar 1.000 konur í Reykjavík. Þetta hlutfall breytist körlum í vil eftir því sem þéttbýlið verður fámennara, þó sambandið sé ekki fyllilega línulegt. Ójafnast er kynjahlutfallið í strjálbýli, en þar voru 1.129 karlar á móti 1.000 konum þann 1. janúar 2015 (Hagstofa Íslands, 2015).

¹ Höfn var hluti af Austurlandi til 2013 og þáverandi Austurland innihélt rúmlega 13 þúsund íbúa.

Þessi samsetning hefur verið til staðar á Íslandi í marga áratugi og þekkt í öðrum löndum. Vandamál sem snúa að búseturöskun í nútímasamfélögum snúa ekki einungis að almennri fólksfækkun á landsbyggðinni heldur líka heilbrigðri samfélagsuppbyggingu. Með aukinni fólksfækkun og röskun á búsetu hefur aldursamsetning á landsbyggðinni breyst. Utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja er aldurshópurinn 20–39 ára hlutfallslega fámennastur og virðist þetta mynstur vera mest áberandi á Vestfjörðum og Austurlandi. Á höfuðborgarsvæðinu eru aldurshóparnir 20–39 ára hlutfallslega fjölmennastir og á suðvesturhorni landsins er dreifing aldurshópa jafnari en á öðrum landsvæðum. (Hagstofa Íslands, e.d).



Stefna stjórnvalda

Flutningur fólks til suðvestur hornsins, var fyrst skilgreindur sem vandamál í kringum 1960 og birtist í því að ein atvinnugrein óx meira en önnur og eitt byggðarlag þróaðist örar en annað. Afskipti og inngrip ríkisins í byggðamálum eru umdeild, sumir vilja hafa þau sem minnst og aðrir telja þau of lítil. Byggðaáætlun er lögð fram af ráðherra fyrir Alþingi og er sett fram til sjö ára í senn en endurskoða má hana oft af þurfa þykir. Áætlun ríkisins í byggðamálum kemur fram í stefnunni og er samhæfð annarri stefnumótun og áætlanagerð. Meginmarkmið byggðaáætlunar skal vera að jafna tækifæri landsmanna til atvinnu, þjónustu, jafnra lífskjara og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga. Áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Byggðaáætlun er unnin af Byggðastofnun með umboði ráðherra í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og ennfremur í samráði við ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök og aðra hagsmunaaðila.

Áætlunin fyrir árin 2018–2024 var samþykkt á Alþingi í júní 2018. Áhersla var á stuðning við svæði þar sem langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf voru til staðar en einnig var áhersla á aðgerðir sem stuðluðu að auknu jafnrétti kynjanna. Fjögur lykilsvið voru lögð til grundvallar; innviðir, sérstækar aðgerðir á varnarsvæðum, atvinnumál og opinber þjónusta. Hver landshluti vinnur svo að sóknaráætlun fyrir sinn landshluta með virkri þátttöku Byggðastofnunar. Þannig verður hlutverk sveitarstjórna og heimanna á hverjum stað aukið við forgangsriðun verkefna í héraði. Sóknaráætlunir landshluta eru stefnumótandi og í þeim kemur fram stöðumat fyrir landshlutann, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná markmiðum. Svæðisbundnar áherslur eru í sóknaráætlunum og taka þær áherslur mið af m.a. skipulagsáætlunum, menningarstefnu og annarri opinberri stefnumótun á hverju svæði (Byggðastofnun, 2015).

Byggðastefna á Íslandi er um margt afar ólík þeirri stefnu sem fylgt er í nágrannalöndum okkar. Beinir fjárhagslegar aðgerðir eru í stærra hlutverki á Íslandi þar sem mun meiri áhersla lögð á almennar aðgerðir, sérstaklega á sviði þróunar og tækni. Flutningsstyrkir hafa verið notaðir í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi til að jafna aðstöðu fyrirtækja og skattalöggjöfin hefur verið notuð til að styðja við fyrirtæki út frá staðsetningu og tegund atvinnustarfsemi í Noregi og Svíþjóð. Lægri tekjuskattur hefur einnig verið fyrir þá sem búa í Norður Noregi. Á Íslandi eru ákveðnir flokkar flutningsjafnaðir skv. um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011 og reglugerð um flutningsjöfnunarstyrki nr. 120/2019. Niðurstaða yfirlitsrannsóknar á aðgerðum byggðaþróunar (Stefán Arnar Ómarsson, 2009) leiddi í ljós að fjórar aðferðir hafa fyrst og fremst verið notaðar en það sem einkennir aðgerðir í byggðamálum er hinn stutti aðgerðatími hvernar áætlunar sem gerir allt langtímaskipulag erfitt. Síðustu tvo áratugi hefur dregið mjög úr beinum afskiptum ríkisins í formi hreinna styrkja og frá ríkinu eru frekar óbeinir styrkir sem felast m.a. í niðurgreiðslu á orku til húshitunar, styrkjum til náms á framhaldsskólastigi og niðurgreiðslu í landbúnaði.

Aðrir styrkir hafa aðallega verið bundnir við stóriðju eða jöfnun á upplýsingatækni og styrkir til að halda úti flugsamgöngum. Þá ber einnig að nefna tilraunir til að flytja stofnanir frá höfuðborgarsvæðinu. Önnur aðferðin hefur beinst að svokölluðum vaxtarkjörum en þar er átt við að styrkjum er veitt í að gera einn stað innan svæðis ráðandi eða sterkan sem mótafl gegn höfuðborgarsvæðinu. Á Íslandi er ekki rými fyrir fleiri en tvo til þrjá kjarna vegna fólksfæðar en um leið og reynt er styrkja einn kjarna koma upp háværar raddir um að styrkja aðra og því verða vaxtarsamningarnir fremur litir og dreifðir og þjóna þá ekki upphaflegu hlutverki sínu. Þriðja aðferðin sem Stefán Arnar nefnir er efling frumkvæðis og nýsköpunar frá heimamönnum í gegnum atvinnuþróunarfélög. Fjórða aðferðin felst í svokölluðum klösum sem felast í þeirri hugmynd að spyrða saman og efla smáfyrirtæki svo þau njóti samlegðar og samvinnu en standi einnig sjálfstæð.

Verkefnið Brothættar byggðir

Verkefnið Brothættar byggðir er ein af sértækum aðgerðum í Byggðaáætlun 2018-2024 og er tilgangurinn að aðstoða byggðarlög sem standa höllum fæti. Sótt er um aðild að verkefninu og ræðst fjöldi þátttökubyggðarlaga af aðstæðum hverju sinni. Meginmarkmið verkefnisins er að draga úr eða stöðva mikla fólksfækkun á smærri þéttbýlisstöðum landsins. Viðkomandi byggðarlög eru studd til sóknarfæra sem tengjast sérstöðu þeirra. Efling brothættar byggðar byggir á samstarfi ríkis, sveitarfélags og íbúa; mikil áhersla er á virka þátttöku íbúa og mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og unnið með ákveðnu verklagi sem stuðlar valdeflingu. Þannig virkjast frumkvæði og samtakamáttur íbúa og þeir finna eigin áhrif varðandi þróun og forgangsroðun verkefna samfélagsins. Undirmerkið Brothættra byggða eru að draga úr hnignun sem birtist í fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi (Alþingi, 2018).

Ný nálgun varðandi búferlaflutninga ungs fólks

Verkefnið Heima er þar sem eyjahjartað slær var framkvæmt fyrst á Bornholm í Danmörku 2013 og fylgt eftir á Austurlandi, í Vesterålen í Noregi og Suðurey í Færeyjum 2014. Markmiðið var að kortleggja virði brottfluttra frá þessum svæðum m.t.t. efna-hagslegra, félagslegra og menningarlegra þátta. Kom í ljós að brottfluttir voru margvísleg auðlind fyrir svæðið sem þeir flytja frá og hafa oft sterk tengsl sem þeir viðhalda með heimsóknum, framlögum til menningarviðburða s.s. með því að halda slíka viðburði í heimabyggð og með því að vera talsmenn svæðisins út á við, auk þess að vera færanglegur þekkingarauður (Lene Rømer og Karin Topsø Larsen, 2013). Því er á margan hátt tímabært að hugsa á annan hátt um brottflutt ungt fólk. Vitað er að það flytur í miklum mæli burtu til náms og atvinnu en þau tengsl sem eru til staðar við fyrrum heimkynnin eru verðmæt og þar er ákveðið tækifæri fyrir jaðarbyggðirnar; að skapa bestu uppeldis- skilyrðin svo líkurnar á að hinir brottfluttu gefi til baka til sinnar gömlu heimabyggðar og til að auka líkurnar á að þeir komi til baka. Oft eru þeir sem fara með samviskubit yfir því að yfirgefa jaðarbyggðirnar en með því að vera opin fyrir þeim auði sem býr í brottfluttum er hægt að finna tækifæri og leiðir fyrir svæðin og hina brottfluttu til að tengjast báðum til hagsbóta. Heima sem hugtak er í raun teygjanlegt og fljótandi og það er hægt að eiga heima á mörgum stöðum. Heima getur bæði verið sá staður þar sem er búið dagsdaglega en einnig þar sem hjartað slær.

Aðferð og framkvæmd

Fengnar voru upplýsingar frá Ferli ehf² yfir þær konur sem fluttust af Austurlandi til höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar á árunum 2017-2020 á aldrinum 21 - 40 ára. Sá hópur taldi um 392 konur, 85 konur árið 2017, 103 konur árið 2018, 100 konur árið 2019, 103 konur árið 2020. Hringt var í um það bil helming kvennanna og 140 konur svöruðu könnuninni í gegnum síma eða í gegnum hlekk í tölvupósti. Jafnmargar sem svöruðu fluttu frá Fljótsdalshéraði og úr Fjarðabyggð, eða 56 konur úr hvoru sveitarfélagi samtals 112 konur.

Stuðst var við spurningalista (viðauki 1) sem samanstóð að mestu leyti af spurningum með fyrirframgefnum svarmöguleikum en einnig var opin spurning um á líkur á að snúa aftur á Austurland. Rannsóknin var framkvæmd í maí 2021 hjá Austurbrú á Egilsstöðum í formi símakönnunar og sami rannsakandi hringdi í allar konurnar. Þátttakendum var kynntur tilgangur rannsóknarinnar og boðin þátttaka auk þess sem ekki væri hægt að rekja til þeirra svör. Áætla má að meðaltími hvers símtals hafi verið í kringum fimm mínútur. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar, þaðan sem engar athugasemdir bárust.

Spurningalistinn var settur upp í Excel og voru svör þátttakenda færð þar inn jafnóðum. Við greiningu gagna var stuðst við Excel og SPSS. Unnin var lýsandi tölfræði þar sem bornir voru saman hópar út frá bakgrunnsbreytum og tengslum við staðinn sem flutt var frá. Gerð voru viðeigandi marktektarpróf til að kanna mun svarenda varðandi ýmis atriði. Niðurstöður voru settar fram í myndum, línuritum og töflum. Úrvinnsla opinnar spurningar var gerð með þemagreiningu eigindlegrar aðferðar þar sem dregið var fram lykilorð og þeim svo safnað saman í þemu sem sýndu megininnihald svaranna á lýsandi hátt.

² Vinnsluáðili upplýsinga frá Hagstofu og Þjóðskrá um búferlaflutninga.

Niðurstöður


Alls svöruðu 140 konur könnuninni árið 2021 frá eftirfarandi ellefu stöðum af Austurlandi.

Hvaðan flutt?	Fjöldi
Fljótshálfhérað	56
Neskaupstaður	23
Seyðisfjörður	17
Reyðarfjörður	15
Eskifjörður	13
Djúpvogur	6
Dreifbýli/sveit á Austurlandi	4
Fáskrúðsfjörður	3
Stöðvarfjörður	1
Borgarfjörður eystri	1
Breiðdalsvík	1

Vegna þess hve fáir þátttakendur voru frá sumum stöðum og til að auðvelda úrvinnslu við samanburð var ákveðið að skipta þátttakendum í Múlaþing (57%) og Fjarðabyggð (40%) en dreifbýli (3%) var ekki tekið með þar sem of fáar konur voru á bak við gögnin. Aldursdreifingu þátttakenda eftir svæðum má sjá á mynd 2. Flutningsár kvennanna voru 2008, 2011, 2014, 2017, 2018, 2019 og 2020. Flestar fluttu árið 2011 eða alls 22 konur. Alls voru 23 konur sem skráðu ekki flutningsár. Meirihluti kvennanna eru ennþá brottfluttar frá Austurlandi. Aðeins um 17 konur hafa snúið til baka, 14 konur á sama stað og flutt var frá og þrjár á annan stað en flutt var frá.

Tafla 1. Hvaðan flutt?


Aldursdreifing þátttakenda eftir svæðum



Mynd 3. Aldursdreifing þátttakenda eftir svæðum.

Flestar konurnar voru á aldrinum 31-35 ára eða um 28% í heildina og skiptast þær nokkuð jafnt á milli svæða, um 31% fluttu frá Múlaþingi. Meirihluti kvennanna voru giftar eða í sambúð. Um 26% áttu eitt barn og 36% áttu tvö eða fleiri börn. Um 39% áttu engin börn.


Menntun þátttakenda eftir svæðum



Mynd 4. Menntun þátttakenda eftir svæðum.


Almennt var menntunarstig brottfluttu kvennanna fremur hátt, flestar með háskóla-menntun eða í framhaldsnámi á háskólastigi. Aðeins fleiri konur frá Fjarðabyggð voru í iðnnámi en konur frá Múlaþingi.

Atvinnustaða þátttakenda eftir svæðum




Mynd 5. Atvinnustaða þátttakenda eftir svæðum

Flestar brottfluttu konurnar voru launþegar eða um 60%. Aðeins fleiri konur frá Fjarða- byggð voru sjálfstætt starfandi eða um 16% en um 12% frá Múlaþingi. Aðrar voru heimavinnandi, atvinnulausar, í fæðingarorlofi eða öryrkjar.



Mynd 6. Tengsl þátttakenda við staðinn sem flutt var frá, eftir svæðum.

Spurt var um tengsl við staðinn sem búið var á áður og var meira en helmingur svarenda fæddur og uppalinn á þeim stað sem flutt var frá. Svipað hlutfall var á milli þeirra sem fluttu fullorðnar og eða ungar á staðinn. Tengsl í gegnum maka og önnur tengsl voru í minnihluta.




Mynd 7. Stykur tengsla við staðinn sem flutt var frá, eftir svæðum

Flestar konur töldu styrk tengsla vera mikil fremur en lítil. Örlítið sterkari tengsl voru hjá þeim konum sem fluttu frá Múlaþingi heldur en hjá þeim sem fluttu úr Fjarðabyggð.

Ástæða	Múlaþing	Fjarðabyggð
Atvinna	14%	24%
Nám	53%	48%
Persónu/fjölskyldu	33%	28%

Tafla 2. Ástæður brottflutnings.


Flestar konurnar fluttu burtu til þess að sækja nám. Örlítið fleiri fluttu úr Múlaþingi vegna náms heldur en úr Fjarðabyggð. Fleiri konur úr Múlaþingi en hjá Fjarðabyggð fluttu vegna persónulegra ástæðna.



Mynd 8. Mat á atvinnutækifærum eftir svæðum

Munur var á mati á atvinnutækifærum á Austurlandi eftir því hvort konurnar mátu þau fyrir sjálfa sig, fyrir konur almennt eða fyrir karla almennt. Konurnar töldu atvinnutækifæri fyrir karla nokkuð góð, hvort sem þær voru frá Múlaþingi eða Fjarðabyggð. Jöfn skipting var á mati brottfluttu kvennanna frá Fjarðabyggð á atvinnutækifærum fyrir sig. Meiri en helmingur kvenna frá Múlaþingi sögðu að atvinnutækifæri fyrir sig væru lítil. Konurnar sögðu að almennt væru atvinnutækifæri fyrir konur lítil hvort sem þær voru frá Fjarðabyggð (54%) eða Múlaþingi (52%).


Þjónusta við barnafjölskyldur, afþreying og menning



Mynd 9. Mat á þjónustu við barnafjölskyldur, afþreyingu og menningu, eftir svæðum


Brottluttu konurnar voru beðnar um að meta búsetugæði í gegnum nokkra þætti. Mat á afþreyingu, menningu og almennum lífsgæðum var mikil hjá þeim konum sem komu frá Múlaþingi eða um 38%. Frá Fjarðabyggð voru um 31% kvenna sem töldu hana mikla. Þjónusta við barnafjölskyldur var metin mikil í Fjarðabyggð eða um 48% kvenna miðað við 40% frá Múlaþingi.

Almenningssamgöngur, verslun, þjónusta og húsnæði



Mynd 10. Mat á almenningssamgöngum, verslun og þjónustu og húsnæðismálum

Mat á almenningssamgöngum á Austurlandi kom illa út hjá konunum frá bæði Múlaþingi og Fjarðabyggð, um 80% af þeim sem fluttu frá Fjarðabyggð mátu almenningssamgöngur litlar. Almenningsamgöngur komu einnig illa út hjá þeim sem fluttu frá Múlaþingi, en þó 8% þeirra sem fluttu úr Múlaþingi sem mátu almenningssamgöngur miklar miðað við aðeins 5% frá Fjarðabyggð. Verslun og þjónusta var metin best meðal þeirra sem fluttu burt frá Múlaþingi eða um 20%, en slakari hjá þeim sem fluttu burt úr Fjarðabyggð. Húsnæðismál voru almennt metin þannig að lítið aðgengi væri að húsnæði.



Mynd 11. Hverjar eru líkurnar á því að snúa aftur til Austurlands?


Um og yfir helmingur kvennanna telja litlar líkur vera á því að þær snúi aftur á þau svæði sem þær fluttu frá. Aðeins 10% kvenna frá Múlaþingi töldu miklar líkur á því að snúa aftur og 13% kvenna úr Fjarðabyggð. Heilt á litið eru minnstar líkur á því að brottfluttu konurnar úr Fjarðabyggð snúi aftur en 55% þeirra töldu litlar líkur á því.

Frekari greining og samanburður

Rannsóknin var fyrst gerð árið 2016 og svo endurtekin árið 2021 þó með nýjum viðtakendum. Í þessum kafla verður farið ítarlegra í niðurstöður frá árinu 2021 með rannsóknarspurninguna í huga og einnig borið saman milli ára.

Á mynd 12 má sjá líkurnar á því að snúa aftur á staðinn sem flutt var frá og hversu sterk tengslin við þann stað voru hjá konunum sem tóku þátt í könnuninni árið 2021. Skalin var frá 0-4, þar sem 0 voru engar líkur á því að snúa aftur og 4 miklar líkur á því að snúa aftur. Sama átti við um tengslin nema þar var skalin frá 1-4, þar sem 1 var lítil tengsl og 4 sterk tengsl, í könnuninni árið 2016 var þessi skali upp í 5.


Líkur á að snúa aftur eftir aldri



Mynd 12. Aldur og líkur á að snúa aftur og styrkur tengsla við staðinn sem flutt var frá (2021).


Þær sem voru á aldrinum 25 ára og yngri voru líklegastar til að flytja aftur á staðinn sem var flutt frá og tengsl við staðinn voru einnig þökkalega há. En þó voru eldri konurnar með sterkari tengsl við staðinn en ólíklegri til að flytja aftur til baka. Konur á aldrinum 31-35 ára voru með mestu tengslin við staðinn sem var flutt frá en minnstu líkur á því að snúa aftur.

Líkur á að snúa aftur eftir aldri: samanburður á milli ára




Mynd 13. Aldur og líkur á að snúa aftur og styrkur tengsla – samanburður á árunum 2016 og 2021.

Á mynd 12 má sjá samanburð á hópnum eftir því hvær konnunin var tekin, annars vegar árið 2016 og hins vegar árið 2021. Árið 2016 voru yngri konurnar eða þær sem voru 30 ára og yngri með mestu tengslin við staðinn en líkurnar á því að snúa aftur aðeins um 1,72 af 4. Árið 2021 voru konur á aldrinum 31 árs til 40 ára með sterkustu tengslin en voru ólíklegastar til að snúa aftur til baka.




Mynd 14. Menntunarstig og líkur á að snúa aftur og tengsl við staðinn (2021).

Menntunarstig hefur að gera með líkurnar á því að snúa aftur og einnig tengsl kvænanna við staðina sem flutt var frá. Þær sem höfðu lokið grunnnámi á háskólastigi töldu mestar líkur á því að snúa aftur og höfðu mest tengsl við staðinn. Á eftir þeim voru svo þær sem höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi. Þar á eftir voru þær sem höfðu lokið stúdents eða iðnnámi en minnstar líkur og minnstu tengslin komu fram hjá þeim sem einungis höfðu lokið við grunnskólamenntun.




Mynd 15. Menntunarstig, líkur og tengsl við staðinn – samanburður á árunum 2016 og 2021.

Svipuð útkoma var á milli áráanna 2016 og 2021 varðandi menntunarstig kvennanna og líkurnar á því að snúa aftur sem og tengslin við staðinn. Þær sem höfðu lokið grunnnámi á háskólastigi voru með mestu tengslin og líklegastar til að snúa aftur fyrir bæði árin. Þó var munur á þeim konum sem höfðu lokið grunnskólanámi og á tengslum þeirra við staðinn. Árið 2016 voru grunnskólagengnar konur með sterkari tengsl heldur en árið 2021.



Mynd 16. Línuleg fylgni


Línuleg fylgni var milli þess hve miklar líkur voru á því að snúa aftur og hversu sterk tengsl konurnar höfðu við staðinn sem þær fluttu frá. Eftir því sem tengslin við staðinn voru meiri því meiri voru líkurnar á því að konurnar myndu snúa aftur. Styrkur tengsla skýrir 16% af líkunum á því að snúa aftur. $F(1,132), 24,2, p > 0,001$.



Mynd 17. Líkur og tengsl eftir barnafjölda – samanburður á milli ára.

Tengsl voru milli barnafjölda hjá svarendum árið 2016 og líkunum á því að þær myndu snúa aftur til þeirra staða sem þær fluttust frá. Árið 2016 voru líkurnar á því að snúa aftur minni eftir því sem barnafjöldinn varð meiri. Þær sem áttu 1 barn árið 2016 voru með sterkustu tengslin en árið 2021 voru sterkustu tengslin hjá þeim sem áttu engin börn. Þær sem áttu tvö eða fleiri börn árið 2021 voru líklegastar til að snúa aftur en með minnstu tengslin við staðinn. En árið 2016 voru þær sem áttu tvö eða fleiri börn með minnstu tengslin og ólíklegastar til að snúa aftur.


Líkur á að snúa aftur eftir tengslum við staðinn



Mynd 18. Líkurnar á að snúa aftur eftir tengslum við staðinn sem flutt var frá (2021).


Líkurnar á því að snúa aftur eftir tengslum við staðinn sem var flutt frá sýnir að þær sem fluttu ungar á staðinn höfðu sterkustu tengslin eða um 1,91 stig af 4. Ekki var mikill munur á líkunum hjá þeim sem voru fæddar og uppaldaðar á staðnum og á þeim sem fluttu fullorðnar á staðinn. Minnstu líkurnar voru frá þeim sem höfðu tengsl við staðinn í gegnum maka.

Líkur og styrkur tengsla eftir tengslum við staðinn sem flutt var frá



Mynd 19. Líkur og styrkur tengsla eftir tengslum við staðinn sem flutt var frá – samanburður.


Niðurstöður frá árinu 2016 sýna að konur sem voru fæddar og uppalda á staðnum höfðu sterkustu tengslin og voru líklegastar til að flytja aftur á staðinn sem flutt var frá. Niðurstöður fyrir árið 2021 sýna að þær sem fluttu ungar á staðinn voru með sterkustu tengslin og mestu líkurnar á því að snúa aftur. Næst á eftir þeim voru þær sem voru fæddar og uppalda á staðnum og þær sem fluttu fullorðnar á staðinn. Þær sem voru með tengsl í gegnum maka og önnur tengsl voru með svipað sterk tengsl við staðinn en líkurnar á að snúa aftur voru meiri hjá þeim sem voru með önnur tengsl.



Mynd 20. Ástæður brottflutnings, líkur og tengsl – samanburður milli ára.

Árið 2016 voru þær sem fluttu vegna náms með sterkustu tengslin og einnig líklegastar til að snúa aftur á staðinn sem var flutt frá. Þetta átti líka við um niðurstöður fyrir 2021. Þær sem fluttu vegna atvinnu árið 2016 voru með sterk tengsl við staðinn en ólíklegar til að snúa aftur á staðinn sem flutt var frá. Þær sem fluttu vegna persónulegra eða fjölskylduástæðna árið 2021 voru ólíklegastar til að snúa aftur en tengslin ágæt.


Mat á atvinnutækifærum, líkur og tengsl



Mynd 21. Mat á atvinnutækifærum, líkur og tengsl.

Mat á atvinnutækifærum var skipt upp í lítil eða mikil atvinnutækifæri. Konurnar voru beðnar um að meta atvinnutækifæri fyrir sig, fyrir konur almennt og fyrir karla. Konurnar sem mátu atvinnutækifæri fyrir sig mikil voru ekki líklegar til að snúa til baka en höfðu þó sterk tengsl við staðinn. Þær sem mátu atvinnutækifæri fyrir karla lítil voru líklegastar til að snúa til baka.

Styrkur tengsla og líkur á að snúa til baka eftir stöðum



Mynd 22. Styrkur tengsla og líkur á að snúa til baka greint niður á staði.

Á myndinni eru tvær línur önnur þeirra sú bláa sýnir styrk tengslanna við staðin sem flutt er frá. Rauða línan sýnir líkurnar á því að snúa aftur. Láréttu línurnar eru meðaltalið.

Samantekt

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna ástæður brottflutnings kvenna af Austurlandi með það að markmiði að meta líkurnar á að þær snúi aftur. Auk þess var reynt að meta hvort tengsl við svæðið hefðu forspárgildi varðandi líkur á að snúa til baka. Spurt var um mat á ýmsum innviðum á þeim stöðum sem flutt var frá, atvinnutækifæri og svo líkurnar á því að flytja til baka. Bakgrunns- og persónubundnir þættir eins og aldur, menntun og tengsl við staðinn sem flutt var frá, voru notuð til frekari greiningar. Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með var Af hverju flytja ungar konur frá Austurlandi? Skipta tengsl við svæðið máli varðandi líkur á að snúa aftur?

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að meirihluti brottfluttra kvennanna voru fæddar og uppaldar annaðhvort í Múlaþingi eða Fjarðabyggð og höfðu þær frekar sterk tengsl við staðinn sem flutt var frá. Flestar konurnar fluttu í burtu til að sækja nám eða 53% kvennanna sem fluttu frá Múlaþingi og 48% kvenna frá Fjarðabyggð. Þriðjungur kvennanna fluttu vegna persónulegra eða fjölskylduástæðna, 33% frá Múlaþingi og 28% frá Fjarðabyggð.

Áhugavert var að sjá hversu mikill munur var á mati kvennanna á atvinnutækifærum. En almennt mátu þær atvinnutækifæri á Austurlandi fyrir karla mjög mikil á meðan atvinnutækifæri fyrir þær sjálfar og konur almennt voru færri. Konurnar (48%) sem fluttu frá Fjarðabyggð þótti þjónusta við barnafjölskyldur vera mikil. Afþreyingu, menningu og almenn lífsgæði voru mikil samkvæmt 38% kvennanna sem fluttu frá Múlaþingi.

Meirihluti kvenna, bæði frá Múlaþingi og Fjarðabyggð, sögðu að almenningsþingur væru litlar. Konur úr Fjarðabyggð töldu verslun og þjónusta vera lítil. Konurnar töldu einnig að lítið aðgengi væri að húsnæði, átti það við um brottfluttar konur úr báðum sveitarfélögum.

Aðeins 10% brottfluttra kvenna frá Múlaþingi töldu miklar líkur á því að snúa aftur og 13% brottfluttra kvenna úr Fjarðabyggð. Þó sýndu niðurstöðurnar að línuleg fylgni var á milli þess hve miklar líkur voru á því að konurnar myndu snúa aftur og hversu sterk tengsl þær höfðu við staðinn sem þær fluttu frá. Eftir því sem tengslin við staðinn voru meiri því meiri líkur voru á því að þær myndu snúa aftur. Styrkur tengsla skýrði 16% af líkunum á því að snúa aftur.

Munur var á niðurstöðum eftir árum, úr niðurstöðum rannsóknarinnar árið 2016 voru konur sem voru fæddar og uppaldar á staðnum með sterkustu tengslin og líklegastar til að flytja aftur til baka. Árið 2021 voru þær sem fluttu ungar á staðinn með sterkustu tengslin og mestu líkurnar á því að snúa aftur til baka.

Þær konur sem fluttu vegna náms mátu tengsl sín við staðinn frekar sterk og voru líklegar til að snúa aftur til baka, átti þetta við bæði árið 2016 og 2021.

Heimildir

Alþingi. (2018). Þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024. Sótt frá Þingskjal 1242: <https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>

Beck, U. (1992). Risk society; Towards a New Modernity.

Cromartie, J., Reichert, C. V., & Arthun, R. (2015). Factors Affecting Former Residents' Returning to Rural Communities. Economic research report.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun. (2003). Fólki og fyrirtæki; Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni.

Hagstofa Íslands. (2015). Hagtiðindi. Sótt frá Mannfjöldaþróun 2014: https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/6210b1e3-cd70-4a7b-8bab-dc957243dc4c/pub_doc_HzNkPBF.pdf

Hagstofa Íslands. (e.d). Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum og kyni 1986-2021. Sótt frá Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum og kyni 1986-2021: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_buferlaflutningar_buferlaflinnanlands_buferlaflinnanlands/MAN01201.px

Hagstofa Íslands. (e.d). Hagstofa Íslands. Sótt frá Mannfjölda eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2022 - Sveitarfélagaskipan hvers árs.: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/?rxid=98f31652-d482-4b21-87c0-89e83be4a1d1

Hagstofa Íslands. (e.d). Hagstofa Íslands. Sótt frá Mannfjölda eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1.janúar 2001-2022: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdakjarnar/MAN030101.px

Hjalti Jóhannesson. (2008). Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframvæmda á Austurlandi. Byggðarannsóknastofnun Íslands.

Kjartan Ólafsson og Hekla Gunnarsdóttir. (2002). Búsetuskilyrði á Íslandi: Rannsókn meðal fólks í fjórmlandshlutum. Akureyri: Byggðarannsóknastofnun Íslands.

Lee, E. S. (1966). A theory of migration. *Demography* , 47-57.

Lene Rømer og Karin Topsø Larsen. (2013). Mit hjem er hvor mit hjerte er. Fraflyttende unges aktive deltagelse i det lokale kulturliv som en resource for udvikling af yder områder. Bornholm.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). Samantekt úr Education at a glance 2014. Mats- og greiningarsvið.

Myrdal, G. (1957). Economic theory and under-developed regions. London: G. Duckworth.
Stefán Arnar Ómarsson. (2009). Íslensk byggðastefna síðustu áratuga (óbirt). Háskóli Íslands.

Stefán Ólafsson. (1997). Búseta á Íslandi; Rannsókn á orsökum búferlaflutninga. Byggðastofnun.

Theodori, G. L. (2001). Examining the Effects of Community Satisfaction and Attachment on Individual Well-Being. Rural Sociology, 618-628.

Þjóðhagsstofnun. (2000). Athugun á stöðu kvenna á Landsbyggðinni. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Þorkell Stefánsson, Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Þóroddur Bjarnason. (2021). Byggðafesta og búferlaflutningar; sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.

Tinna Halldórsdóttir. (2014). Sitthvað um Austurland (óbirt skýrsla). Austurbrú.

Tinna Halldórsdóttir. (2019). Fjarnám og fjarnemar á Austurlandi. Sótt frá Austurbrú: <https://austurbru.is/wp-content/uploads/2021/07/kynning-a-nidurstodum-konnunar-a-fjarnami.pdf>

Valdimar Briem og Tinna Halldórsdóttir. (2011). Líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi. Íslenska Þjóðfélagið, 5-26.

Viðauki 1 – Spurningalisti

1. Hvaðan fluttir þú þegar þú fluttir frá Austurlandi?
 - » Breiðdalsvík
 - » Borgarfirði eystri
 - » Djúpanvogi
 - » Dreifbýli/sveit á Austurlandi
 - » Eskifirði
 - » Fáskrúðsfirði
 - » Fljótisdalshéraði
 - » Mjóafirði
 - » Neskaupstað
 - » Reyðarfirði
 - » Stöðvarfirði
 - » Seyðisfirði
 - » Vopnafirði

2. Hvaða ár fluttir þú frá Austurlandi?
 - » 2008
 - » 2011
 - » 2014
 - » 2017
 - » 2018
 - » 2019
 - » 2020
 - » Athugasemdir varðandi flutningstíma – opin spurning

3. Núverandi búseta – staða flutninga
 - » Er enn brottflutt frá Austurlandi
 - » Er komin aftur á Austurland á sama stað og flutt var frá
 - » Er komin aftur á Austurland en ekki á sama stað og flutt var frá

4. Ef þú ert flutt aftur á Austurland, hver var ástæða þess?
 - » Opin spurning

5. Hver er/var meginástæða brottflutnings þíns frá staðnum?
 - » Nám
 - » Atvinna
 - » Persónulegar eða fjölskylduástæður
 - » Aðrar ástæður, hverjar – opin spurning

6. Hver eru tengsl þín við staðinn sem þú fluttir frá?
 - » Fædd og uppalin
 - » Flutti ung á staðinn
 - » Flutti fullorðin á staðinn
 - » Tengsl gegnum maka
 - » Önnur tengsl

7. Hversu sterk tengslin eru við staðinn sem þú fluttir frá á skalanum 1 sem lýsir litlum sem engum tengslum til 4 sem lýsir sterkum tengslum?
 - » 1 Lítil eða engin tengsl | 2 | 3 | 4 Sterk tengsl

8. Hverjar eru líkurnar á því að snúa aftur á staðinn sem flutt var frá eða á Austurland?
 - » 1 Engar líkur | 2 | 3 | 4 Miklar líkur
 - » Hvers vegna – opin spurning

9. Mat á atvinnutækifærum fyrir þig á Austurlandi?
 - » 1 Lítil eða engin atvinnutækifæri | 2 | 3 | 4 Mikil atvinnutækifæri

10. Mat á atvinnutækifærum fyrir konur á Austurlandi?
 - » 1 Lítil eða engin atvinnutækifæri | 2 | 3 | 4 Mikil atvinnutækifæri

11. Mat á atvinnutækifærum fyrir karla á Austurlandi?
 - » 1 Lítil eða engin atvinnutækifæri | 2 | 3 | 4 Mikil atvinnutækifæri

12. Hvernig metur þú eftirfarandi innviðaðætti varðandi búsetugæði Austurlands?
 - » 1 Mjög slök | 2 | 3 | 4 Mjög góð
 - » Afþreying, menning, almenn lífsgæði
 - » Þjónusta við barnafjölskyldur (skólar/afþreying)
 - » Almenningsgöngur
 - » Verslun og þjónusta
 - » Húsnæðismál

13. Aldur
 - » 25 ára og yngri
 - » 26 til 30 ára
 - » 31 til 35 ára
 - » 36 til 40 ára
 - » 41 og eldri

14. Hjúskaparstaða
 - » Einhleyp
 - » Sambúð/gift
 - » Annað

15. Fjöldi barna undir 18 ára á þínu framfæri – opin spurning
16. Hvert er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?
- » Grunnskóli
 - » Iðnnám/stúdent
 - » Grunnám á háskólastigi (bachelor)
 - » Framhaldsnám á háskólastigi (master/doktor)
17. Atvinna
- » Nemi
 - » Launþegi
 - » Sjálfstætt starfandi
 - » Annað